

Loftur Þórarinsson valinn í Future Energy Leader prógrammið hjá World Energy Council

Nóvember 2017

Orkustofnun er sönn ánægja að segja frá því að Loftur Þórarinsson hefur fyrstur Íslendinga verið valinn inn í Future Energy Leader (FEL-100) prógrammið hjá Alþjóðaorkuráðinu, World Energy Council (WEC) fyrir starfsárið 2017/18. WEC eru ein elstu samtök í heimi í orkumálum en 94 þjóðir eiga aðild að ráðinu.

Meðlimir í FEL-100 prógramminu starfa í vinnuhópum um stefnumótum í orkumálum innan vébanda WEC. Á hverju ári eru 35 nýir einstaklingar sem starfa í orkumálum hvaðan æva að úr heiminum valdir inn í prógrammið og bætast í hóp 65 annarra sem hafa verið útnefndir sem leiðtogar framtíðarinnar í orkumálum.

Meðlimir FEL-100 koma víða að en eiga það sameiginlegt að hafa lagt sitt af mörkum í orkumálum í sínum störfum. Loftur starfar í vinnuhópum um orkuhagfræði og áhrif stafrænnar væðingar (e. digitalization) í orkugeiranum og sótti nýlega aðalfund WEC sem fór fram í Lissabon í Portúgal 16-19. október.

Loftur er viðskiptafræðingur og hefur verið búsettur í Japan undanfarin sjö ár og starfað sem viðskiptaþróunarstjóri hjá sólarorkufyrirtækjum í Japan og í Austur Asíu. Loftur hefur einnig setið í stjórn Viðskiptaráðs Íslands í Japan og sinnt orkutengdum verkefnum s.s. jarðvarmamálum sem og að stunda doktorsnám hjá National Graduate Institute for Policy Studies í Tokyo um stefnumótun tengdum olíu- og gasfyrirtækjum og fjárfestingarhegðun þeirra. Sem stendur er Loftur búsettur á Bretlandi þar sem stundar rannsóknir hjá Oxford Institute for Energy Studies (OIES) ásamt því að sinna ráðgjafavinnu.

Næsta útnefning í FEL-100 mun fara fram í febrúar 2018 og er áhugasömum einstaklingum um FEL-100 eða störf Lofts bent á að hafa samband við:
loftur.thorarinsson@oxfordenergy.org

